

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á minningarþingi um  
Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðing, 15. nóvember 2016**

Góðir gestir.

Það fylgja því óneitanlega blendnar tilfinningar að setja þetta málþing um Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðiprófessor. Öll hefðum við frekar kosið að koma hér saman til að fagna nýrri bók, kvikmynd eða sýningu úr smiðju Eggert Þórs – frekar en að halda um hann minningarþing. Því sannleikurinn er sá að Eggert Þór lést langt um aldur fram, aðeins 56 ára að aldri, og er óhætt að segja að hann hafi verið okkur öllum harmdauði.

Ég veit ekki nákvæmlega hvenær leiðir okkar Eggerts Þórs lágu fyrst saman, en ég man þó vel eftir honum frá stúdentsárum mínum. Maður tók strax eftir Eggert Þór því hann skar sig úr fjöldanum. Hann þorði að vera hann sjálfur og fór ætíð nýjar og ótroðnar slóðir. Seinna, þegar við vorum báðir komnir til starfa við Háskóla Íslands snemma á tíunda áratug síðustu aldar, var eins og hann hafi alla tíð verið þarna, fastur punktur í háskólatilverunni, alltaf á ferðinni, alltaf sýnilegur og alltaf reiðubúinn til skrafs og ráðagerða um allt milli himins og jarðar – ekki síst ef hann gat lagt Háskóla Íslands gott til. Að þessu leyti minnti hann á annan dyggan samstarfsmann og einlægan hollvin Háskóla Íslands, sem einnig lést fyrir fáum árum langt fyrir aldur fram, Ingjald Hannibalsson.

Í störfum sínum var Eggert Þór frumkvöðull, eldhugi og hamhleypa til verka. Hann var sjálfum sér trúur, óhræddur og ósérhlífinn. Ég veit að aðrir frummælendur hér á eftir munu gera ævi og störfum Eggerts Þórs ítarleg skil, og mun því einskorða mig við að nefna ýmislegt annað sem hann gerði fyrir háskólann sinn – umfram það að sinna starfsskyldum sínum sem kennari og

rannsakandi – og mér finnst lýsandi fyrir það örlæti og þá óeigingirni sem einkenndi hann.

- Fyrst ber auðvitað að geta þess að Eggert Þór var frumkvöðull á sviði náms og kennslu í Sagnfræði- og heimspekideild með því að þróa og byggja upp frá grunni nýja námsgrein, hagnýta menningarmiðlun. Það segir sína sögu um það hversu Eggert Þór var með puttann á púlsinum að hagnýta menningarmiðlunin sló frá fyrsta degi í gegn hjá nemendum. Að baki bjó sú sannfæring að fræðin eru ekki bara markmið í sjálfu sér heldur þjóna því lokatakmarki að láta gott af sér leiða – fyrir einstaklingana og fyrir þjóðfélagið allt. Að þessu leyti var Eggert Þór frumherji sem vísaði veginn fyrir möguleika nýsköpunar og hagnýtingar þekkingar á sviði hugvísinda sem enn er býsna óplægður akur. Nægir í því sambandi að benda á þau gríðarlegu tækifæri sem felast í hagnýtri menningarmiðlun fyrir ferðapjónustuna sem er orðin stærsta atvinnugrein okkar Íslendinga.
- Ég man eftir því að Eggert Þór sat í verkefnisstjórn og tók virkan þátt í undirbúningi dagskrár Háskóla Íslands þegar Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000.
- Ég minnst þess að árið 2001 þegar haldið var upp á 90 ára afmæli Háskóla Íslands gerði Eggert Þór sér lítið fyrir og tók saman á fáeinum vikum glæsilega heimildarmynd fyrir sjónvarp um sögu skólans.
- Ég man eftir því að árið 2005, þegar hylti undir lok rektorstíðar Páls Skúlasonar heitins, leitaði Páll til Eggerts Þórs til að ráðfæra sig við hann um hvernig hann gæti gert rektorstímabili sínu skil. Skipti engum togum að Eggert gekk í málið og ritaði á skömmum tíma yfirlit um rektorstíð Páls Skúlasonar, *Alhliða háskóli*, sem birtist sem fylgirit með Árbók Háskóla Íslands sama ár.

- Þá er ógleymt framlag Eggerts Þórs til Aldarafmælis Háskóla Íslands árið 2011, en þar veitti hann margvíslega ráðgjöf, m.a. um undirbúning ritunar Aldarsögu háskólans, auk þess sem hann leiðbeindi meistaranemendum sínum í hagnýtri menningarmiðlun við gerð sérstaks afmælis- og söguvefs og uppsetningu afmælissýningar á Háskólatorgi. Þá má geta þess að það var Eggert Þór sem átti hugmyndina að stofnun svokallaðrar Háskólalestar sem byggir á völdum námskeiðum úr Háskóla unga fólksins og hefur hlotið verðlaun sem vel heppnuð vísindamiðlun og brunar fram á þennan dag um landið með lifandi vísindamiðlun til ungs fólks og býður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
- Og Eggert Þór var með fleiri járn í eldinum, s.s. stofnun háskólaútvarps, sem honum entist ekki aldur til að fylgja eftir.

Já, Eggert Þór Bernharðsson sýndi Háskóla Íslands alla tíð mikla hollustu. Fyrir það ber að þakka.

Góðir gestir, ég vona að við eigum öll eftir að njóta þessarar samverustundar sem helguð er minningu Eggerts Þór Bernharðssonar sagnfræðiprófessors.

Kærar þakkir.